

Ed. 486. Frumvarp til lánsfjárlaga [24. mál]
fyrir árið 1987.

(Eftir 3. umr. í Nd., 20. des.)

Samhljóða þskj. 396 með þessum breytingum:

18. gr. hljóðar svo:

Prátt fyrir ákvæði 1. og 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra að meðtöldum tekjum af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 130 000 þús. kr. á árinu 1987. Jafnframt falla niður óuppgerðar markaðar tekjur vegna ársins 1985 til Framkvæmdasjóðs fatlaðra skv. 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983.

26. gr. hljóðar svo:

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, um atvinnuleysistryggingar, skal heildarframlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs samkvæmt 4. gr. fjárlaga eigi fara fram úr 465 000 þús. kr. á árinu 1987.

28. gr. hljóðar svo:

Prátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1987 eigi nema hærri fjárhæð en 820 000 þús. kr.